

Skólanámskrá leikskólans Hlíðarenda



Febrúar 2017



Leikskólinn Hlíðarenda

Leikskólinn Hlíðarenda

Úthlíð 1

Hafnarfirði

Sími 555 1440

Netfang: hliðarendi@hafnarfjordur.is

Heimasíða: hliðarendi.leikskolinn.is

Formáli

Árið 2011 kom út ný Aðalnámskrá á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Aðalnámsskráin er rammi um skólastarfið og við gerð nýju námskrárinnar voru þróaðir sex grunnþættir sem mynda kjarna menntastefnunnar og eru þessir grunnþættir læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi og jafnrétti og sköpun.

Hverjum leikskóla er gert að semja skólanámskrá er byggir á grunni Aðalnámskrár en tekur jafnframt til sérkenna og starfshátta hvers leikskóla fyrir sig. Vinna við nýja skólanámskrá í Hlíðarenda hófst vorið 2011 og tóku allir starfmenn leikskólans þátt í þeirri vinnu. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar skipulagði fyrirlestraröð um grunnþætti menntunar sem allt starfsfólk leikskólans sótti. Starfsfólki Hlíðarenda var skipt í fjóra hópa og fóru hóparnir yfir alla grunnþættina, hvernig unnið hefur verið í leikskólanum og hvað mætti gera betur. Núna þessum árum síðar hefur vinna við skólanámskrána verið í stöðugri vinnslu og tekið nokkrum breytingum. Í janúar og febrúar 2017 var aftur gerð gangskör í vinnslu námskrárinnar með aðkomu allra starfsmanna.

Við gerð skólanámskrárinnar var lögð áhersla á að tengja grunnþætti Aðalnámskrár stefnu og áhersluþáttum leikskólans Hlíðarenda sem eru lífsleikni, hreyfing og umhverfismennt.

Skólanámskrá á að vera raunsönn lýsing á starfi og starfsháttum leikskólans og þeim markmiðum sem við viljum ná og á einnig að gagnast bæði foreldrum og starfsfólki.

Gert er ráð fyrir að skólanámskráin sé endurskoðuð á þriggja ára fresti enda á leikskólastarf að vera í stöðugri þróun og eðlilegt að opinber gögn gefi sem besta mynd af skólastarfinu á hverjum tíma.

Febrúar 2017

Fyrir hönd starfsmanna leikskólans

Fyrir hönd foreldraráðs

Árný Steindóra Steindórsdóttir
Leikskólastjóri

Sólveig Ólafsdóttir

Fjóla Kristjánsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri

Efnisyfirlit

1 Inngangur.....	4
2 Leikskólinn Hlíðarenda.....	5
2. 1 Starfsfólk leikskóla	5
2. 2 Hlutverk leikskólastjóra	6
2. 3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna	6
3 Stefna og hugmyndafræði Hlíðarenda	7
3. 1 Leiðarljós leikskólastarfsins	8
3. 2 Kennsluhættir leikskólans og hlutverk leiksins	10
3. 3 Námsumhverfi	10
4 Grunnþættir menntunar	11
4. 1 Jafnrétti	11
4. 2 Læsi	12
4. 3 Heilbrigði og velferð	13
4. 4 Sjálfbærni	15
4. 5 Sköpun.....	15
4. 6 Lýðræði og mannréttindi	16
5 Samþætt og skapandi leikskólastarf	17
5. 1 Læsi og samskipti	17
5. 2 Heilbrigði og vellíðan	19
5. 3 Sjálfbærni og vísindi	21
5. 4 Sköpun og menning.....	23
6 Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn	26
6. 1 Foreldrasamtöl.....	26
6. 3 Foreldraráð.....	26
6. 4 Foreldrafélag.....	27
7 Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið	27
8 Sérfræðiþjónusta	28
8. 1 Sérkennsla	28
9 Mat og eftirlit.....	29
9. 1 Ytra mat á leikskólastarfi.....	29
9. 2 Innra mat á leikskólastarfi	29
Heimildaskrá.....	31

1 Inngangur

Leikskólar eru menntastofnanir þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Í hverjum leikskóla er skólanámskrá gefin út og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar.

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008 og er rammi um leikskólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Námskráin birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum og veitir upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Hlutverk aðalnámskrárinnar er að birta menntastefnu stjórnvalda og ber leikskólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu leikskólastarfs. Aðalnámskrá á því að tryggja leikskólabörnum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu. Aðalnámskrá er helsta stjórnþæki fræðslufirvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu leikskólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólastarfs. Aðalnámskrá veitir upplýsingar um helstu viðmið sem starfsemi leikskóla byggist á (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 9-10).

Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta

(Lög um leikskóla 2008/90)

Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu leikskóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskráin er endurskoðuð reglulega en árlega er gefin út sérstök starfsáætlun sem gerir grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali, áhersluatriðum í uppeldi og

menntun barnanna svo og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans sbr. 14. gr. laga nr. 90/2008. Tengsl á milli skólanámskrár og starfsáætlunar eru mikilvæg þar sem starfsáætlun tekur mið af endurmati og umbótum á skólastarfinu sem leiðir til breytingar á skólanámskrá leikskólans (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 10-11).

2 Leikskólinn Hlíðarendi

Leikskólinn Hlíðarendi, Úthlíð 1, Hafnarfirði var opnaður formlega 26. mars. 1998. Við leikskólann rennur lækur svo ljúfur lækjarniðurinn setur sinn svip á leik á leiksvæðið við skólann en að auki er stutt í ósnortna náttúru, móa, skóg, hraun og fleira.

Heildarflatamál hússins er 639.8 m², rúmmál húss er 2.117.9 m³ og stærð lóðar er 4.270 m². Leikskólinn er staðsettur í útjaðri Setbergshverfis og stutt er í ósnortna náttúru. Deildir leikskólans eru fjórar, Birkilundur, Furulundur, Grenilundur og Reynilundur. Nemendur eru á aldrinum eins árs til sex ára. Leikskólinn er opinn frá kl. 07:30 – 17:00. Dvalartími er breytilegur en í leikskólanum geta verið allt að 90 nemendur samtímis.

Stöðugildi við leikskólann eru upb 16 fyrir utan stöðu vegna sérkennslu, tveggja starfsmanna í eldhúsi og vegna afleysinga en starfsmenn eru u.þ.b. 28. Í leikskólanum starfa leikskólakennarar, grunnskólakennarar, þroskaþjálfari og leiðbeinendur með margvíslega menntun og reynslu að baki. Hafnarfjarðarbær er eigandi og rekstraraðili leikskólans. Fræðsluráð fer með málefni leikskóla Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar og þar sitja fulltrúi foreldra og starfsmanna leikskólanna.

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundastarfs Hafnarfjarðarbæjar er yfirmaður leikskóla Hafnarfjarðar og hefur umsjón með rekstri og faglegu starfi leikskólanna. Leikskólinn nýtur þjónustu þróunarfulltrúa leikskóla sérkennslufulltrúa, sálfræðinga og talmeinafræðings sem starfa við Fræðslu- og frístundasvið.

2.1 Starfsfólk leikskóla

Forsendur að farsælu leikskólastarfi er mannauður leikskólans. Starfsfólki leikskóla ber að rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og af samviskusemi. Starfsfólkið skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki samkv. 5. grein laga um leikskóla 2008. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um börnin í leikskólanum, menntun þeirra og velferð. Á starfsfólki hvílir sú skylda að veita börnunum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði þeirra og efla frjóa hugsun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 11). Á herðum leikskólastjóra hvílir sú skylda að stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð um hagi barna og foreldra þeirra. Einnig ber leikskólastjóra að brýna þagnarskyldu fyrir starfsfólki sínu sem felst

í þagmælsku um vitneskju sem það fær í starfi sínu og skal fara leynt samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns og eða eðli málsins 52.grein barnalaga , nr. 76/2003.

2. 2 Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur leiðtogi og ber honum að vera í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Hlutverk hans er að leiða lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans og á leikskólastjóri að sjá til þess að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að efla þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Að lokum ber leikskólastjóra að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá, lögum og reglugerðum og stefnum sveitarfélagsins (Lög um leikskóla 2008/90, Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 31, Skólastefna Hafnarfjarðar, 2009 bls. 7-8 og Mannauðsstefna 2011 bls. 2-3).

2. 3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna

Leikskólakennurum ber að gegna lykilhlutverkum í öllu leikskólastarfi. Þeir eiga að vera leiðandi í mótun uppeldis og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Þeir eiga að vera góðar fyrirmyndir í starfi með börnum og leitast við að styrkja lýðræðislegt hlutverk leikskólans. Leikskólakennurum ber að sjá til þess að hvert barn fái notið hæfileika sinna og að námsumhverfi sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar. Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats.

Allt starfsfólk leikskóla á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til og hlusta á þau. Starfsfólk ber ábyrgð á að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna. Starfsfólki ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem sett er fram til barna og náms (Aðalnámskrá, 2011, bls. 11-12, 31).

3 Stefna og hugmyndafræði Hlíðarenda

Hlutverk leikskólans er meðal annars að búa börnin undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa þeim að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda. Leikskólabörn þurfa að hafa vitneskju um hvað þau geta og vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Nám í leikskóla þarf að byggjast á námssamfélagi sem einkennist af grunnþáttum menntunar: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Við skipulag leikskólustarfs skal lögð áhersla á nám og menntun barnanna og kennsluaðferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki eiga að beinast fyrst og síðast að því að styðja börnin í námi sínu. Leikskólaskólustarf og nám, sem skilgreint er út frá grunnþáttum menntunar, er sinnt innan námssviða og það fléttað saman við námssviðin (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 22).

Til að öðlast fjölbreytilega hæfni eiga leikskólabörnum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi og daglegu lífi. Í öllu leikskólustarfi þarf að styrkja börn til að temja sér námshæfni þar sem hún er undirstöðupáttur í öllu leikskólustarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga. Námshæfni felur í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni byggist á eðlislægri forvitni barna, áhugahvöt þeirra, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt og því er mikilvægt að námsumhverfi í leikskólum sé örvasandi (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 23-24).

Í Hlíðarenda eru grundvöllur uppeldisstarfsins kenndur við hugmyndafræði uppeldisfrömuðarins John Dewey (1859-1952) sem lagði megináherslu á að virkja athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess. Fleyg orð Deweys „learning by doing“ að læra með því að framkvæma, urðu að einkunnarorðum Framfarastefnunnar. Uppeldi á að stuðla að eðlilegri samvirkni milli barns, uppalanda, uppeldisumhverfis og samfélags. Framfarastefna gerir ráð fyrir að þróun mannsins fari fram sem stöðug raðkvæm og stigbundin framvinda frá einu þroskastigi til annars. Markmið uppeldisins er að örva þessa stigbundnu þróun frá þroskastigi til þroskastigs. Til viðbótar kenningum Deweys er stuðst við ýmsar stefnur sem byggja hugmyndafræði sína á framfarastefnu ss Caroline Pratt en hún hannaði einingakubba sem mikið er unnið með í Hlíðarenda. Þá er stuðst við High Scope áætlunina hvaðan sem hugmyndir um val barnanna á leiksvæðum og viðfangsefni koma og Bank Street áætlun þar sem lagt er áhersla á alhliða þroska barnsins, að allir þroskaþættir vinni saman en ekki eigi að leggja áherslu á einn þroskaþátt á kostnað annars.

3. 1 Leiðarljós leikskólastarfsins

Hlutverk leikskóla er að efla alhliða þroska barna og mynda hugtökin, uppeldi, umönnun og menntun eina heild í leikskólastarfinu. Starfsfólk leikskólans Hlíðarenda hefur sammælt um að leggja megin áherslu á lífsleikni, hreyfingu og umhverfismennt og fléttast þessir þættir allir saman við grunnþætti menntunar. Við leggjum áherslu á að leikskólastarfið sé lærdómsríkt og skemmtilegt.

3.1.1 Lífsleikni

Lífsleikni byggist á alhliða þroska barnsins, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og til að bera virðingu fyrir umhverfi sínu” (Aðalnámskrá ,1999, bls.16).

Lífsleikni er einn af áherslupáttum Hlíðarenda og fléttast inn í allt okkar starf með það að markmiði að:

- Efla og stuðla að jafnvægi milli hinna ýmsu þroskaþátta barnsins þar sem siðgæðis- tilfinninga- og félagsþroski gegna lykilhlutverki.
- Byggja upp sjálfsmynd einstaklingsins.
- Efla hæfileikann til að tjá hugsanir sínar og skoðanir og þar með vera við stjórnvölinn í eigin lífi.
- Efla hæfileikann til að taka ábyrgð á gerðum sínum og umhverfi.
- Efla hæfileikann til að skilja og bregðast við á málefnalegan (lýðræðislegan) hátt, með því að taka þátt í margvíslegum samskiptum og ákvörðunum.
- Efla hæfileikann til að geta sett sig í spor annarra, bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, virða reglur samfélagsins og sýna tillitsemi.



Til viðbótar því að samtvinnu lífsleiknikennslu við allt daglegt starf Hlíðarenda er einnig unnið sérstaklega með eftirfarandi dygðir: Ábyrgð, glaðværð, hjálpsemi, hófsemi, hugrekki, kurteisi, samkennd, vinsemd, virðingu og þolinmæði. Á hverju skólaári eru tvö þessara hugtaka tekin fyrir í lífsleiknikennslu skólans.

3.1.2 Hreyfing

Markmið með hreyfingu er að efla hreyfiþroska, sjálfstraust og skynjun barnsins á líkama sínum, fullnægja hreyfiþörf þess og stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan. Einnig að auka skilning á mikilvægi hreyfingar í daglegu lífi. Hreyfing fléttast inn í allt okkar starf, í samverustundum, hópastarfi og frjálsum leik, auk þess fær hver nemandi markvissa hreyfistund í sal leikskólans einu sinni í viku.

Yfir veturinn fá elstu börn leikskólans tíma í íþróttahúsi Setbergsskóla aðra hverja viku og yfir sumartímam stendur öllum nemendum til boða að taka þátt í morgunhlaupi í garði leikskólans ef veður leyfir. Staðsetning leikskólans er þannig að stutt er í ósnortna náttúru og þar gefst einstakt tækifæri til fjölbreyttrar og krefjandi hreyfingar eins og að klifra, hoppa, hlaupa, gera jafnvægisæfingar og æfa sig að ganga í móa og í hrauni.

3.1.3 Umhverfismennt

Markmið umhverfismenntar í leikskólanum er að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og tileinki sér góða umgengi við hana. Til þess að svo verði þarf að vekja áhuga barnanna á umhverfinu og náttúrunni. Starfsmenn nýta sér nánasta umhverfi leikskólans eins mikið og hægt er til að fara með nemendum í náms- og kynnisferðir. Leikskólinn býr að einstakri staðsetningu í útjaðri byggðar og mikilli nálægð við náttúrulegt umhverfi. Því eru fjölbreytt verkefni úti í náttúrunni hluti af upplifun barnanna á Hlíðarenda. Verkefni svo sem að sula í læknum, fara út í skóg, tína ber, bröla í móum og hrauni, heimsækja hesta og kindur og svona mætti lengi telja.

Árið 2008 fékk leikskólinn Grænfánann í fyrsta sinn en fánann fá skólar í kjölfar verkefna sem ætluð eru til að efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál og umhverfisstefnu. Endurvinnsla og flokkun eru mikilvægir þættir í umhverfismennt og í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin kynnist þessum þáttum.

Allt sorp sem til fellur innan leikskólans er flokkað. Börnin sjá meðal annars um að skola mjólkurfernur og fara þau reglulega með þær í endurvinnslugám. Lífrænn úrgangur fer í jarðvinnslugám til moltugerðar sem nýtt er sem næring fyrir gróður leikskólans. Notaður pappír sem til fellur í leikskólanum er endurunin og er pappírsgerð einn af föstum liðum í leikskólastarfinu. Pappír og plast sem ekki nýtist í leikskólanum fer í endurvinnslu.



3. 2 Kennsluhættir leikskólans og hlutverk leiksins

Á fyrstu æviárunum er leikur mikilvægasta náms- og þroskaleið barnsins og grunnurinn að kennsluháttum leikskólans. Sú reynsla og þekking sem barnið öðlast í gegnum leik er mikilvægur undirbúningur að framtíð þess. Leikur barna einkennist af innri áhuga þar sem þau sjálf ákveða reglur leiksins. Í leik tjáir barn tilfinningar sínar og þarfir, sýnir skilning sinn á umheiminum og vinnur úr reynslu sinni og upplifunum. Leikurinn gegnir einnig mikilvægu félagslegu hlutverki en í gegnum leikinn þróa börn félagsleg tengsl við önnur börn.

Í leikskólanum Hlíðarenda er lögð áhersla á að börnin fái nægan tíma til frjálsra leikja í hvetjandi námsumhverfi. Við val á leikmunum er lögð áhersla á að þeir séu fjölbreyttir og örvandi og til þess fallnir að auðga leikinn. Börn leika sér vegna innri áhuga og á eigin forsendum en það er mikilvægt að starfsfólk sé til staðar og styðji við leik barnanna eftir þörfum og sé vakandi fyrir áhuga barnanna og því sem gerist í leiknum. Val barnanna á leiksvæðum og leikefni er umgjörð um frjálsa leikinn og góður leikur fær að halda áfram þótt valtíma sé lokið samkvæmt dagskipulagi.

Í útiveru gefast góð tækifæri til frjálsra leikja og þar hafa börnin aðgang að fjölbreyttum efnivið sem stuðlar að fjölbreyttum og þróuðum leik. Kennslufræðilegur leikur er annað form leiks en þá er leitast við að blanda saman leik og kennslufræðilegum markmiðum. Leikur er börnum eðlislægur og veitir þeim ánægju og með því að tengja leikinn og ákveðin námsmarkmið fá börnin tækifæri til að byggja upp þekkingu sína á merkingarbæran hátt og þróa með sér jákvætt viðhorf til náms. (Jóhanna Einarsdóttir, 2010).

3. 3 Námsumhverfi

Leikskólinn Hlíðarenda er fjögurra deilda leikskóli. Tvær deildir eru í hvorum enda leikskólans og eru allar deildarnar jafn stórar með þremur herbergjum, salerni og geymslu. Auk þess er eitt herbergi á milli deildanna og skiptast deildarnar á að nýta það herbergi en í öðrum endanum er herbergið einnig nýtt sem bókasafn leikskólans og til sérkennslu. Fyrir framan deildarnar eru fataklefar, salerni og þurrskápar.

Í miðrými leikskólans er salur og myndlistarstofa sem deildarnar skiptast á að nota og einnig er þar eldhús, þvottahús, starfsmannaaðstaða, undirbúningsherbergi og skrifstofa leikskólastjóra.

Leikskólakennarar og annað starfsfólk hefur það hlutverk að skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og efnivið sem vekur forvitni og ýtir undir ímyndunarafi. Lögð er áhersla á það í leikskólanum að börnin hafi aðgang að fjölbreyttum efnivið og námsgögnum sem hvetur þau til að nýta öll skynfæri sín, rannsaka og draga ályktanir.

Lóð leikskólans er rúmgóð með ágætis leiktækjum sem bíður upp á fjölbreyttan leik. Hluti af útileiksvæðinu er afgirt og sérstaklega útbúið leiktækjum fyrir yngstu börnin.

Leikskólinn er staðsettur í útjaðri úthverfis og státar af læk sem rennur rétt við bæjardyrnar. Einnig er örstutt að komast í fjölbreytt náttúrulegt umhverfi ss skóg, hraun, gjótur, hæðir og móa.

4 Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Þeir snúast líka um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnréttindi og sköpum eiga sér stoð, hver með sínum hætti í löggjöf fyrir leikskóla, ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu, stefnu stjórnvalda, stefnu alþjóðlegra stofnana og alþjóðlegra samninga sem Ísland er að aðili að. Þegar stefnan var mörkuð var haft til hliðsjónar hugmyndir meðal annars um fagmennsku leikskólakennara og reynslu úr þróunarstarfi í leikskólum landsins. Hugmyndin að grunnþáttunum er sú að þeir eiga að endurspeglast í starfsháttum leikskólanna, þekkingu og leikni sem börnin afla sér sem og að vera sýnilegir í leikskólastarfinu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 14).

4. 1 Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Í grunnþættinum jafnrétti er lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir og með jafnrétti er einnig lögð áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Áskoranir fólks með fötlun eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklings. Leggja skal áherslu á skóla án aðgreiningar í öllu leikskólastarfinu (Aðalnámskrá, 2011, bls. 19 - 20).

4. 1. 1 Jafnrétti í leikskólastarfinu

Í jafnrétti felst að ganga ekki á rétt annarra og í daglegu starfi í leikskólanum er lögð áhersla á að allir njóti virðingar og að hver einstaklingur fái að njóta sín á eigin forsendum. Í Hlíðarenda er unnið að jafnréttismenntun á margvíslegan hátt. Lífsleikni er einn af áhersluþáttum leikskólans og í lífsleiknikennslunni er m.a. unnið með dygðirnar hjálpssemi, samkennd,

kurteisi, vinsemd og virðingu og eru þessir eiginleikar mikilvægir þegar kemur að jafnrétti og stuðlar að vellíðan allra í leikskólanum. Í leikskólanum er lögð áhersla á að fylgjast með samskiptamynstrinu í barnahópnum í daglegu starfi og þess gætt að jafnvægi og jafnrétti ríki í samskiptum barnanna svo sérhver einstaklingur fái notið sín.

Í samverustundum er fjallað um ýmsa þætti úr daglegu lífi s.s. mismunandi samfélög, hefðir, kyn og kynþætti. Lögð er áhersla á að kynna börnunum og vekja áhuga þeirra á öðrum þjóðum og því að ekki eru öll menningarsamfélög, tungumál og litarháttur eins og efla þannig skilning barna á fjölbreytileika. Vandað er val á bókum og söngtextum en hvort tveggja túlkar oft tíðarandann þegar það er samið en en sömu viðhorf eiga ekki alltaf við í dag. Leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaleið barna og í Hlíðarenda er valið umgjörð um frjálsan leik. Valið er tvisvar á dag og þá velja börnin sér svæði til að leika sér á og eru viss mörg börn sem geta valið hvert svæði í einu. Til að gæta jafnréttis velja þau börn sem völdu fyrst í dag síðast á morgun. Félagsþroski barna þroskast í leik þar sem börnin þurfa að lúta reglum og virða óskir og þarfir leikfélaganna og gæta þannig jafnréttis í leiknum.

4. 2 Læsi

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Meginmarkmið læsis er að börn séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 16 -17).

4. 2. 1 Læsi í leikskólastarfinu

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta og á leikskólaaldri er lagður grunnur að málþroska barna.

Málrækt fléttast inn í allt starf í leikskólanum. Í samverustundum er lögð áhersla á málörvun s.s. lesa, segja og hlusta á sögur og farið með vísur, þulur og rím og í vinnustundum skapast umræður um það sem verið er að vinna og þar lærast m.a. ýmis ný hugtök og heiti. Þá læra börnin fjöldann allan af söngtextum, bæði einföld barnalög og flóknari og lengri texta sem gefa tilefni til ígrundunar einstakra orða.

Á yngstu deildinni er unnið markvisst með orðaleiki og innlögn ákveðinna orðflokka. Börnunum kenndur fjöldinn allur af skemmtilegum þulum og rímleikjum. Þá er einnig lögð áhersla á að þau fái tækifæri til að leika sér með og læra form og liti.

Í Hlíðarenda er lögð áhersla á læsishvetjandi umhverfi en það er mikilvægur þáttur í læsisvitund barna og tileinkun barna á læsi. Ritmálið er gert sýnilegt m.a. með því að merkja hólf barnanna og stóla með nafninu þeirra og farið er yfir hvaða dagur er, mánuður og ár og

veðrið sýnt myndrænt á hverjum morgni. Þá hafa algengir hlutir og innanstokksmunir verið merktir með nafni viðkomandi hlutar. Á öllum deildum hafa verið útbúnar diskamottur fyrir hvert og eitt barn með upphafsstöfum þeirra og nöfnum foreldra og systkina.

Börnin hafa greiðan aðgang að fjölbreyttum barnabókum, bókstöfum og tölustöfum í formi kubba og spila, teiknipappír og ritföngum en teikningar barna eru undirstaða ritmáls og lestrarkunnáttu.

Í febrúar 2017 hóf starfsmannahópurinn notkun á hugmyndafræðinni Orðaspjalli sem einkum er ætlað að auka orðaforða barna. Orðaspjall byggist á því að við lestur bóka séu ákveðin orð tekin út og unnið með þau sérstaklega. Meðal þess sem er gert er að velta fyrir sér merkingu orðanna, fundin samheiti og búna til fjölbreyttar setningar um orðin.

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk og gegnir leikurinn mikilvægu hlutverki í félagsþroska barna. Í Hlíðarenda er lögð áhersla á að börnin fái góðan tíma í frjálsan leik og að leikefnið sé fjölbreytt og hvetjandi til náms.

Ferðir í bókasafn er fastur liður starfi leikskólans og fara elstu börnin í bókasafnið í Setbergsskóla aðra hverja viku yfir vetrarmánuðina og einnig fara börnin í leikskólanum í ferðir í Bókasafn Hafnarfjarðar þar sem m.a. er boðið upp á sögustundir. Í


Í umhverfi Hlíðarenda er að finna endalausa uppsprettu ævintýra. Lögð er áhersla á að börnin læru að umgangast nærumhverfið og eru reglulegar útivistar- göngu- og vettvangsferðir hluti af því námi. Því til viðbótar að fræðast um þau dýr og skordýr sem á vegi okkar verða, læra börnin nöfn á algengum plöntum og trjám. Þá er einnig lögð mikil áhersla á að bera virðingu fyrir náttúrunni.

4. 3 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Allt leikskólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn stórum hluta dagsins í leikskóla. Í leikskólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmýnd, hreyfing, ögrandi og krefjandi útivist, næring, slökun og hvíld, andleg vellíðan, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti og skilningur á eigin tilfinningum og annarra (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 21).

4. 3. 1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu

Börn verja stórum hluta dagsins í leikskóla og því er mikilvægt að skólastarfið stuðli að vellíðan og öryggi barnanna. Í Hlíðarenda er lögð áhersla á að ró og friður ríki í leikskólanum, börnunum sé sýnd ástúð og umhyggja og allir njóti þess að vera hér og nú. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska og á þessum aldri er sjálfsmynd barna í örri þróun en sjálfsmyndin þróast í samskiptum við aðra og byggist á gagnkvæmu samspili. Hvatning og verðskulduð athygli og hrós þegar vel gengur eru lykilatriði í heilbrigðri mótun sjálfsmyndar og styrkir jákvæða sjálfsmynd barna og eru þessir þættir hafðir að leiðarljósi í Hlíðarenda.



Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin fái nægan tíma í leik en í hlutverkaleiknum læra börn að hlusta, virða sjónarmið annarra, komast að samkomulagi, aðlaga sig að hugmyndum og tillögum annarra og tjá um leið eigin hugmyndir sem er mikilvægur þáttur í góðum samskiptum.

Börn hafa mikla þörf fyrir hreyfingu og stuðlar öll hreyfing að andlegri og líkamlegri vellíðan. Í Hlíðarenda er lögð mikil áhersla á fjölbreytta og krefjandi hreyfingu og eru bæði skipulagðar hreyfistundir innan dyra og göngu- og útivistarferðir í frábærri náttúru í nánasta umhverfi leikskólans.

Hvíld er öllum börnum nauðsynleg og ekki hvað síst í leikskólanum þar sem mörg börn eru saman komin stóran hluta dagsins. Öll börn í Hlíðarenda fara í hvíld eftir hádegismatinn, yngstu börnin sofa og þau eldri fara í slökun og hlusta t.d. á sögur eða rólega tónlist.

Í leikskólanum er lögð áhersla á hollan og fjölbreyttan mat og eru börnin hvött til að smakka allan mat. Lagt er upp úr að matartímar séu notaleg stund þar sem börnin læra góða borðsiði og þar gefst gjarnan tækifæri til fræðandi og skemmtilegra umræðna.

Í leikskólanum læra börnin einnig um mikilvægi hreinlætis þar sem þátttaka þeirra sjálfra í frágangi og góðri umgengni um skólann spilar stóran sess ásamt handþvotti og góðum borðsiðum.

4. 4 Sjálfbærni

Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í jafngóðu eða betra ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í leikskólastarfi má leggja áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri. Umhverfið og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Þannig þurfa börnin að þekkja, skilja og virða náttúruna. Í samfélagslegu tilliti snýst hugmyndafræðin um jöfnuð, innan kynslóðar og á milli kynslóða. Til þess að ná jöfnuði þurfum við að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð, hafa skilning á fjölbreytileika mannlífs og tryggja að fjölbreyttri menningu mismunandi hópa sé gert jafn hátt undir höfði. Efnahagslegur þáttur sjálfbærrar þróunar er nátengdur bæði umhverfis- og samfélagsþættinum. Þannig er mikilvægt að efnahagsvöxtur byggist hvorki á, né leiði til, óhóflegs ágangs á náttúruna. Í sjálfbærni menntun felst að börn takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 18).

4. 4. 1 Sjálfbærni í leikskólastarfinu

Umhverfislæsi er nýlegt hugtak í íslenskri menntun en er mikilvægur þáttur í menntun til sjálfbærni. Til að börn læri að lesa í umhverfi og samfélag þurfa þau tækifæri til að upplifa, skoða og skilja umhverfi sitt. Í Hlíðarenda er lögð mikil áhersla á útivistar-, göngu- og vettvangsferðir þannig að börnin kynnist því umhverfi sem þau eru hluti af og læri að lesa það. Í þessum ferðum öðlast börnin reynslu af umhverfinu gegnum eigin upplifanir og auka þekkingu sína og skilning á náttúrunni og mikilvægi náttúruverndar. Í útinámi fræðast börnin einnig um alls kyns plöntur, skordýr og fugla og læra að bera virðingu fyrir öllu því sem náttúran hefur að geyma.

Árið 2008 fékk Hlíðarenda afhentan Grænfánann í fyrsta sinn og hefur fengið hann tvisvar síðan. Fáninn er táknið um virka umhverfismennt og umhverfisstefnu í skólum. Umhverfismennt er einn af áhersluþáttum leikskólans og er m.a. er lögð áhersla á að kenna börnunum mikilvægi flokkunar sorps og endurvinnslu. Ein af dyggðunum sem kennd er í lífleikni í leikskólanum er hófsemi sem er mikilvægur þáttur í verndun umhverfisins.

4. 5 Sköpun

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær“. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera

eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Þótt sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar fremur en aðrar námsgreinar og námssvið. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í leikskólastarfi (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 22).

4. 5. 1 Sköpun í leikskólastarfi

Listsköpun og skapandi starf er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Í Hlíðarenda er lögð áhersla á að börnin fái góðan tíma til sköpunar og að þau hafi aðgang að fjölbreyttum efnivið. Hver barnahópur hefur aðgang að listasmiðju að lágmarki einu sinni í viku og fer þangað í hópastarfi með kennara og vinnur ýmist að hópverkefnum eða einstaklingsverkefnum. Í skapandi starfi er einnig lögð áhersla á að efla sjálfstæði, virkni og ímyndunarafli barnanna og stuðla að því að börnin nýti reynslu sína af náttúrunni og umhverfinu til sköpunar. Þrátt fyrir að ævinlega sé gaman að sýna afrakstur stundanna í listasmiðju er lögð megináherlsla á sköpunarferlið sjálft þar sem virkni og áhugi barnanna eflir sköpunargleði þeirra.

Í leikskólanum er tónlistariðkun einnig mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Markmið tónlistariðkunar að efla næmni barnsins fyrir hljóðum, hreyfingu, hrynjandi, tungumáli og menningu einnig að efla frumkvæði, frjálsa skapandi tjáningu og túlkun á tónlist. Lögð er áhersla á að leggja reglulega inn nýja texta. Sumir þeirra eru árstíðabundnir, stundum er um að ræða popplög en svo eru alltaf einhver gömul og góð sem fljóta með. Vikulega er söngstund í sal þar sem öll börnin í skólanum koma saman og syngja og gera hreyfileiki undir styrkri stjórn píanóleikara.

4. 6 Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Leikskólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Lýðræði er mikilvægt á vettvangi leikskólans. Í fyrsta lagi þurfa leikskólar að taka mið af því að barna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa leikskólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Umhyggja fyrir fólki, dýrum, umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Í ljósi þess þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða

hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 19).

4. 6. 1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi

Með lýðræðisleg vinnubrögðum í starfi með börnum í Hlíðarenda er lagður grundvöllur að því að börnin verði sjálfstæðir virkir og ábyrgir þátttakendur í þjóðfélaginu. Sá mannskilningur er hafður að leiðaljósi í uppeldisstarfinu að barnið læri í samskiptum við umhverfið að hafa áhrif og rétt til að móta það. Hlutverk hins fullorðna er að skapa barninu tækifæri til aukins þroska. Áhersla er lögð á að nýta þann mannauð sem starfsmenn leikskólans hafa upp á að bjóða þannig að hver og einn fái að njóta sín og hæfni sinnar til að auðga starfið í samræmi við starfsgrundvöll leikskólans og áherslupætti. Tvisvar á dag er val í leikskólanum en þá fá börnin tækifæri til að velja það sem þau vilja helst gera og þau læra að taka ábyrgð á og standa við val sitt. Á eldri deildunum skiptast börnin á að vera þjónar, þau leggja á borð, sækja matinn og bjóða til borðs og er þetta mikils metið starf. Starfandi er umhverfisnefnd barna sem kemur saman einu sinni í mánuði. Í nefndinni eru börn í elsta árgangi leikskólans og á fundum umhverfisnefndar er fjallað um umhverfismál. Þar fer fram fræðsla og fram koma hugmyndir og ábendingar frá börnunum um hvað má betur fara og hvað við höfum gert vel.

Lýðræðislegar kosningar fara fram í fyrsta hópavinnutíma á haustin þegar börnin velja nafn á hópinn sinn og einnig eru kosningar að vori hjá útskriftarhóp leikskólans þar sem hann velur nafn á „bæinn sinn“ sem er lokaverkefni útskriftarbarnanna. Í leikskólanum er lögð áhersla á gott samstarf milli foreldra, barna og starfsfólks þar sem raddir allra sem koma að leikskólanum fá að heyrast.

5 Samþætt og skapandi leikskólastarf

Nám í leikskóla er samþætt og tengjast námsþættir inn í daglegt starf barnanna og eflir mikilvæga þroskapætti hjá þeim. Börn læra í gegnum leik og þau læra í samstarfi við önnur börn með stuðningi og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssviðin læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi eru undirstaða náms barnanna í skólanum. Þau skarast mismikið en haldast þó í hendur við daglegt líf barnanna.

5. 1 Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmis konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að

lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 42).

Markmið:

- Efla boðskiptahæfni barnsins
- Örva málþroska og hugtakaskilning
- Að börnin kynnist tungumálinu og möguleikum þess
- Að efla hæfni barna til að tjá hugmyndir sínar og skoðanir með fjölbreyttum hætti
- Að börnin læri að njóta þess að hlusta á sögur og ljóð og fái tækifæri til að semja sjálf
- Læri að sýna samkennd og taka tillit til annarra
- Efla og stuðla að jafnvægi milli hinna ýmsu þroskaþátta barnsins þar sem siðgæðis, tilfinninga- og félagsþroski gegna lykilhlutverki
- Byggja upp sjálfsmýnd einstaklingsins
- Að börnin kynnist tölvunotkun
- Auka þekkingu barna á eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða
- Efla hæfileikann til að geta sett sig í spor annarra og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum

Leiðir

Leikurinn

Leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaleið barnsins og í Hlíðarenda er lögð áhersla á að börnin fái nægan tíma til frjálsra leikja. Einnig er lögð áhersla á að bjóða upp á hvetjandi námsumhverfi og fjölbreyttan efnivið og að kennarar séu til staðar til styðja við leik barnanna eftir þörfum. Í leik lærir barnið m.a. að skilja og virða sjónarmið annarra, tjá eigin hugmyndir og þar gefst tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu. Í leik þroskast börnin í samskiptum sín á milli, öðlast félagslega hæfni og sköpunargleði þeirra fær notið sín.

Tónlist

Börn tjá sig með margvíslegum hætti og er tónlistariðkun mikilvægt tjáningarform. Í Hlíðarenda skipar tónlistastarf stóran sess og lögð er áhersla á börnin kynnist sem flestum þáttum tónlistar, hljóðum og hljóðgjöfum og fái tækifæri itl að tjá sig með tónlist, söng og dansi. Í daglegum samverustundum er unnið á fjölbreyttan hátt með tónlist m.a. sungið, hlustað á tónlist, dansað og farið í hreyfi- og söngleiki. Einu sinni í viku er sameiginleg söngstund allra deilda í sal leikskólans.

Læsi/málörvun

Í Hlíðarenda er lögð áhersla á læsishvetjandi umhverfi en það er mikilvægur þáttur í læsisvitund barna og tileinkun barna á læsi. Í leikskólanum er ritmálið gert sýnilegt m.a. með því að merkja hólfi barnanna og stóla með nafni og þekkja börnin fljótt hvernig nafnið þeirra er ritað. Einnig eru merkt heiti húsbúnaðar og annarra hluta á deildunum.

Í leikskólanum hafa börnin greiðan aðgang að fjölbreyttum barnabókum fyrir alla aldurshópa og er þeim er komið þannig fyrir á öllum deildum að auðvelt er að nálgast þær. Einnig hafa börnin aðgang að fjölbreytilegu efni til ritunar (s.s. ritföng, pappír og umslög). Farið er í ferðir í bókasöfn þar sem börnin fá tækifæri til að skoða bækur, hlusta á sögur og fá lánaðar bækur í leikskólann. Lestur sögubóka og umræður er mikilvægur þáttur í örvun bernskulæsis. Í daglegum samverustundum í leikskólanum eru m.a. lesnar og sagðar sögur, samdar sögur, leikin leikrit og farið með vísur, þulur og rím. Lögð er áhersla á að skapa umræður um innihald sögunnar sem lesin er, börnin hvött til að spyrja spurninga og flókin orð útskýrð. Í samverustundum eru börnin einnig hvött til að tjá skoðanir sínar og hugmyndir og hlusta á það sem aðrir hafa fram að færa.

Í vinnustundum skapast umræður um það sem verið er að vinna og þar lærast því ýmis ný hugtök og heiti og lögð er áhersla á að börnin fái tækifæri til að tjá sig með myndsköpun en teikningar barna eru undirstaða ritmáls og lestrarkunnáttu. Einnig gefst þar tækifæri til að leika með kubba, spila ýmis þroskandi spil og fleira sem örvar mál og málskilning. Stuðst er við handbók um markvissa málörvun í leik og starfi eftir Helgu Friðfinnsdóttur, Sigrúnu Löve og Þorbjörgu Þóroddsdóttur. Þessi bók er ætluð elstu börnum leikskóla og fyrstu bekkjum grunnskóla en einnig til sérkennslu. Þetta er verkáætlun sem ætluð er til að styrkja málvitund barna og auðvelda þeim þannig lestrarnámið. Í þessari áætlun er leikurinn notaður til að ná athygli barnanna og vekja áhuga um leið og leikþörf þeirra og leikgleði er mætt. Einnig eru notaðar bækurnar: Leggðu við hlustir og Ljáðu mér eyra.

Tölvunotkun er orðinn almenn í okkar þjóðfélagi og þykja tölvur orðið sjálfsgöð verkfæri í leikskólanum sem mikilvægur þáttur í námi og kennslu. Á hverri deild eru bæði borðtölvur og spjaldtölvur sem börnin hafa aðgang að í rólegum stundum. Tölvurnar eru nýttar til að æfa samhæfingu augna og handa, við málörvun og einnig sem altækt uppflettirit þegar upp koma spurningar sem auðgandi er að leita svara við á veraldarvefnum.

5. 2 Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Börn eiga að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við

daglegt líf og nýjar aðstæður. Í forvarnarstarfi leikskóla felst m.a. fræðsla, mat og verkefni fyrir börn, starfsfólk skóla og foreldra þar sem markmiðið er að skólaganga barnanna gangi sem best og að skólabragurinn verði sem jákvæðastur.

Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismundandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 43)

Markmið

- Stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan barna
- Að börnin njóti umhyggju og finni til öryggis
- Efla jákvæða sjálfsmynd
- Bjóða upp á hollt og næringaríkt fæði
- Efla hreyfiproska barnanna
- Efla jákvæð samskipti og félagsleg tengsl
- Stuðla að hreinlæti
- Stuðla að slökun og hvíld

Leiðir

Lífsleikni fléttast inn í allt okkar starf og í lífsleiknikennslu okkar er m.a. unnið með dygðirnar: vinsemd, samkennd, hjálpssemi og virðingu og það að börnin tileinki sér þessar dygðir stuðlar að jákvæðum og góðum samskiptum.

Börnin fá hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum og mikilvægt er að þau læri að smakka og meta matinn. Matseðill kemur út vikulega og er hann hengdur upp í fataklefa deildanna og hann er settur á heimasíðu leikskólans. Lögð er áhersla á að matmálstímar í leikskólanum séu notaleg stund þar sem börn og fullorðnir sitja saman til borðs og þar gefast gjarnan tækifæri til fræðandi og skemmtilegra umræðna.

Mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna er hreinlæti. Börnunum er hjálpað við að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur s.s. handþvott eftir salernisferðir og útiveru og fyrir máltíðir. Almenn hreinlæti í leikskólum er mjög mikilvægt ekki síst með tilliti til smíthættu.

Hreyfing er einn af áhersluþáttum Hlíðarenda og leggjum við áherslu á fjölbreytta og krefjandi hreyfingu miðað við aldur og getu barnanna. Hreyfing er mikilvægur þáttur þegar kemur að andlegri og líkamlegri vellíðan og er markmið okkar að hreyfing verði ómissandi þáttur í daglegu lífi barnanna í framtíðinni.

Hreyfing fléttast inn í allt okkar starf auk þess sem hvert barn fær markvissa hreyfistund í sal leikskólans einu sinni í viku. Öllum nemendur stendur til boða að taka þátt í morgunhlaupi daglega í garði leikskólans yfir sumartímann ef veður leyfir. Elstu nemendur leikskólans fá tíma í Íþróttahúsi Setbergsskóla hálfsmánaðarlega yfir veturinn.

Útivist er hluti af daglegu lífi í leikskólanum og megin markmið með henni er að efla andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þol. Í útivistinni njóta börnin sín í frjálsum sjálfsprottum leikjum auk þess sem farið er í skipulagða leiki.

Skipulagðar göngu- og/eða útivistarferðir eru á öllum deildum einu sinni í viku. Staðsetning leikskólans er þannig að stutt er í ósnortna náttúru og bíður nærumhverfið upp á ögrandi og krefjandi útivist í hrauni, skógi, í móa og við læk.

Svefn og hvíldartímar í leikskólanum eru nauðsynlegir til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan barnanna. Að hádegisverði loknum er hvíld í leikskólanum og fer það eftir aldri og þörfum barnanna hvernig henni er háttað. Á yngstu deildinni sofna börnin á dýnum í leikstofum. Á eldri deildum er börnunum skipt í hópa þar sem sumir leggja sig og sofna en aðrir eiga rólega stund og hlusta t.d. á slakandi tónlist, sögu, skoða bækur o.fl. Það fara alltaf fullorðnir með börnunum í hvíldina hvernig sem henni er háttað.

5. 3 Sjálfbærni og vísindi

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúruyrirbæri, vísindi og tækni.

Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksþorsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir. Þau eru spurð spurninga sem m.a. er ætlað að vekja þau til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun.

Börn kanna og ræða samhengi fyrirbæra í umhverfi sínu. Ýta þarf undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök, og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 44).

Markmið

- Að börnin læri að ganga vel um og bera virðingu fyrir náttúrulegu og menngerðu umhverfi
- Kynnist nánasta umhverfi leikskólans
- Kynnist hinum ýmsu fyrirbærum náttúrunnar
- Fræðist um dýr og plöntur
- Læri um nýtni og endurvinnslu
- Öðlist þekkingu á stærðfræðilegum viðfangsefnum s.s. tölum og táknum
- Kynnist eiginleikum ýmissa efna og hluta

Leiðir

Grænfáninn

Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um góða umhverfismennt og umhvefisstefnu í skólum. Leikskólinn Hlíðarenda fékk Grænfánann í fyrsta sinn 26. mars árið 2008 á 10 ára afmæli leikskólans en fánann fá skólar í kjölfar verkefna sem ætlað er að efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál og umhverfisstefnu. Í tengslum við Grænfánaverkefnið er starfandi umhverfisnefnd barna sem skipuð er elstu börnunum í leikskólanum. Nefndin fundar einu sinni í mánuði og þar ræða börnin umhverfismál, leita svara við hinum ýmsu spurningum er varða umhverfið og náttúruna og hlutverki þeirra í verndun umhverfisins.

Umhverfismennt

Eitt af markmiðum leikskólans er snyrtimennska, nýtni og góður frágangur utan húss sem innan og að efla vitund barna og fullorðinna um náttúruna og umhverfi sitt. Lögð áhersla á að kenna börnunum mikilvægi flokkunar og endurvinnslu og sjá börnin m.a. um að skola mjólkurfurnurnar og síðan fara þau reglulega með furnurnar í endurvinnslugám.

Allur lífrænn úrgangur sem til fellur í leikskólanum fer í jarðvinnslugám til moltugerðar og aðstoða börnin við fara með afganga í jarðvinnslugámana og fylgjast með hvernig úrgangurinn verður með tímanum að moltu. Moltan er síðan sett í trjábeðin í leikskólanum og nýtt sem næring fyrir gróður leikskólans. Notaður pappír sem til fellur í leikskólanum er endurunin og er pappírsgerð einn af föstum liðum í leikskólastarfinu. Pappír sem ekki nýtist í leikskólanum fer í endurvinnslu. Einu sinni að vori er hreinsunarkvika utan húss en þá hreinsa starfsfólk og nemendur lóð leikskólans. Settar er niður kartöflur og miðað hefur verið við að taka kartöflurnar svo upp á degi íslenskrar náttúru þann 16. september.

Útivistarferðir

Í Hlíðarenda er farið í útivistarferðir aðra hverja viku og gönguferðir vikuna á móti og fer lengd ferðanna eftir aldri barnanna. Í útivistarferðum er haft með nesti og jafnvel borðaður hádegismatur úti ef vel viðrar. Í þessum ferðum öðlast börnin reynslu af umhverfinu gegnum

eigin upplifanir og auka þekkingu sína og skilning á náttúrunni með því að lykta, þreifa á, hlusta, skoða og bera saman ólíka hluti. Umhverfið er óþrjótandi uppspretta hugmynda, rannsókna og fyrir frjálsan leik. Þar læra börnin stærðfræði með því að flokka, telja, mæla og reikna auk þess að fræðast um skordýr, plöntur, fugla og annað sem á vegi þeirra verður. Úti í náttúrunni gefst einnig einstakt tækifæri til fjölbreyttrar og krefjandi hreyfingar þar sem m.a. er hægt að klifra, hoppa, skriða, gera jafnvægisæfingar og hlaupa. Síðast en ekki síst læra börnin að ganga um og bera virðingu fyrir náttúrunni í öllum sínum fjölbreytileika.

5. 4 Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 45).

Markmið

- Að efla sköpunarkraft (sköpunargleði) barna
- Að efla hugmyndaflug barna
- Að efla sjálfstæði
- Að auka vísýni og virðingu barnanna gagnvart eigin samfélagi og menningu svo og gagnvart öðrum menningarsamfélögum.
- Að börnin kynnist fjölbreyttum efnivið til sköpunar
- Að börnin kynnist fjölbreyttri menningu og listum
- Að börnin kynnist reglum samfélagsins, réttindum sínum og skyldum
- Að börnin taki virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum

Leiðir

Í skapandi starfi í Hlíðarenda er lögð áhersla á að efla sjálfstæði barnanna með því að veita þeim tækifæri til að prófa sig áfram á eigin forsendum þar sem sköpunargleðin fær notið sín. Börnin hafa aðgang að fjölbreyttum efnivið og verkfærum til að vinna með og fá tækifæri til að gera tilraunir með eigin verk. Börnin er einnig hvött til listsköpunar út frá upplifunum sínum s.s. sögum, göngu- og kynnisferðum.

Í göngu- og útvistarferðum er lögð áhersla á að skoða umhverfið t.d. liti í náttúrunni og ýmis fyrirbæri hennar, mismunandi form t.d. á húsum og mannvirkjum til að auðga hugmyndaheim barnanna og hvetja þau til fjölbreyttrar listsköpunar. Í fjöru- og gönguferðum safna börnin margvíslegu efni sem þau nota til listsköpunar síðar s.s. skeljum, kuðungum, steinum, laufi, lyngi, grösom, berjum og blómum. Í útvist vinna börnin með ýmis efni t.d. steina, gróður, sand, mold, snjó, kuðunga, og skeljar.

Í vinnustundum vinna börnin m.a. að listsköpun. Vinnustundir fara fram bæði utan húss og innan. Í leikstofum deildanna er unnið að tilraunum sem krefjast ekki mikils rýmis s.s. teikna, lita og mála með ýmiskonar litum. Börnin klippa, líma og móta úr leir, unnið úr ýmsum efnum og saumað út. Einnig er unnið með vatn t.d. tilraunir með vatn og liti. Í listastofu er unnið með grófara efni sem krefst meira rýmis s.s. að búa til pappír, mála með þekjulitum, fingramálningu og vatnslitum. Einnig er unnið með margskonar þrykk, gifs, málað á gler o.fl. Þar fer einnig fram ýmiskonar endurvinnsla t.d. að skapa listaverk úr umbúðum.

Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin fái tækifæri til frjálsrar tjáningar og sköpunar á margvíslegan hátt svo sem í tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.

Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á mikilvægi tillitsemi, vináttu og virðingar í samskiptum fólks. Í leikskólastarfi er nauðsynlegt að hafa reglur. Flest börn eru fljót að læra hinar ýmsu reglur leikskólans og virða þær. Reglur leikskólans snúast í grundvallaratriðum um samskipti, umgengni, borðsiði og flest það sem einkennir samskipti fólks í samfélögum manna. Þessar reglur og hæfni barnsins til að starfa með öðrum lærist m.a. í daglegu lífi í leikskólanum.

Í samverustundum fer fram fræðsla um menningu okkar, tungumál, samfélag og þjóðareinkenni. Börnin læra ýmislegt um hefðir og hátíðir samfélagsins. Undirbúningur og kynning varðandi það fer að miklu leyti fram með frásögnum, sögum, ljóðum og tónlist sem tengjast efninu. Í þessu sambandi má nefna helgidaga þjóðkirkjunnar s.s. jól og páska, þorrablót, öskudag, sautjanda júní og dag íslenskrar tungu. Lögð er áhersla á að kynna börnunum og vekja áhuga þeirra á öðrum þjóðum og því að ekki eru öll menningarsamfélög, tungumál eða litarháttur eins. Áhersla er lögð á rétt einstaklingsins sama hver litarháttur eða uppruni hans er eða hvernig einstaklingurinn er úr garði gerður.

Í göngu- og kynnisferðum skoða börnin nánasta umhverfi leikskólans og fá þannig innsýn í lífið eins og það er utan borgarmarka en í göngufæri frá leikskólanum eru hesthús, fjárhús og skógrækt. Einnig er farið í ýmsar þjónustu- og menningarstofnanir s.s. bókasafn, lögreglu- og slökkvistöð og byggðasafn. Í göngu- og kynnisferðum er ætíð lögð áhersla á umferðarreglur. Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin fái tækifæri til að skapa út frá eigin þekkingu og upplifunum á samfélaginu og menningu þess.

Hefðir og hátíðir

Afmæli. Haldið er upp á afmæli barnanna í leikskólanum. Á afmælisdaginn gera þau kórónu með aðstoð starfsfólks og bjóða svo upp á heilsubita, vöfflur eða poppkorn.

Dagur íslenskrar náttúru er 16. September. Á þeim degi höfum við tekið upp kartöflurnar okkar.

Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember og er hefð fyrir því í Hlíðarenda að tileinka daginn einhverjum sérstökum rithöfundum. Haldið er upp á daginn með skemmtun í sal leikskólans.

Aðventa. Börnin vinna jólaföndur, læra jólalög, gera jólagjafir fyrir foreldra sína og haldið er jólaball. Síðustu dagana fyrir jól er lögð sérstök áhersla á að hafa rólegt í leikskólanum, ljósanotkun er í lágmarki, róleg tónlist spiluð og allt daglegt starf miðast við rólegheit og slökun.

Jólaþorpið. Löng hefð er fyrir því að elstu börnin í leikskólanum taki þátt í að skreyta Jólaþorpið í miðbæ Hafnarfjarðar á aðventu.

Byggðasafnið. Mörg undanfarin ár hefur verið farið í Byggðasafn Hafnarfjarðar rétt fyrir jólin og Sívertsenshúsið skoðað undir leiðsögn starfsmanna safnsins. Eftir ferðina fá börnin kakó, piparkökur og lagköku í sal leikskólans og myndast þar skemmtileg kaffishúsastemning.

Þorrinn. Á þorrablóttinu er skemmtun í salnum fyrir hádegi þar sem m.a. eru sungin þorralög og í hádeginu er borinn fram sígildur þorramatur bæði súr og ósúr þannig að börnin fá tækifæri til að kynnst þessari gömlu íslensku hefð.

Dagur leikskólans er 6. febrúar og hefur dagurinn verið haldinn hátíðlegur í samvinnu við foreldrafélag leikskólans sem hefur boðið fjölskyldum barnanna í vöfflukaffi.

Haldið er upp á *Bolludag*, *Sprengidag* og *Öskudag* en þá er í boði fyrir börnin að koma í grímubúningi.

Afmæli leikskólans er 26. mars og er þá fjölskyldum barnanna boðið í afmæliskaffi.

Páskar. Fyrir páskana gera börnin páskaföndur.

Sumarhátíð. Seinni partinn í júní höfum við Sumarhátíð á leikskólatíma og hefur hún ýmist verið haldin í leikskólanum eða við Hvaleyrarvatn.

6 Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn

Markmið með foreldrasamstarfi er að stuðla að góðu samstarfi milli heimilis og leikskóla.

Mikilvægt er að góð samvinna og traust sé milli foreldra og starfsfólks sem og gott upplýsingastreymi sé til staðar til að stuðla að vellíðan og velgengni barnanna. Gott upplýsingastreymi þarf að eiga sér stað milli þessara aðila til að samskipti verði sem ánægjulegust. Við viljum að foreldrar finni að þeir eru velkomnir í leikskóla barnsins. Leikskólinn er alltaf opinn foreldrum og þeim er velkomið að koma og fylgjast með starfi og leik, einnig að hringja og spyrjast fyrir um líðan barnsins. Áhersla er lögð á dagleg samskipti við alla foreldra. Upplýsingum til foreldra er miðlað munnlega, með skriflegum upplýsingum á hverri deild, á upplýsingatöflu, með tölvupósti og á heimasíðu leikskólans.

6. 1 Foreldrasamtöl

Foreldrar þekkja börn sín best og styðja við skólagöngu þeirra með því að veita mikilvægar upplýsingar sem leggja grunn að námi barnsins (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 49). Foreldrasamtöl eru einu sinni á ári þar sem foreldrum gefst kostur á einkasamtali við leikskólakennara þar sem rætt er um líðan, nám og þroska barnanna heima og í leikskólanum. Foreldrar og leikskólakennarar geta óskað eftir fleiri samtölum finnist þeim þörf á. Foreldrar eru ávallt velkomnir inn á deildir barna sinna og eru hvattir til að gefa sér tíma með börnunum í leik og starfi.

6. 2 Opið hús

Fjölskyldan og leikskólinn eru samstarfsaðilar og hvatt er til þátttöku foreldra í leikskólastarfinu. Í leikskólanum er opið hús þrisvar á ári. Á degi leikskólans 6. febrúar býður foreldrafélag leikskólans fjölskyldum barnanna í vöflukaffi. Á afmælisdegi leikskólans 26. mars er boðið í afmæliscaffi og í desember koma fjölskyldur barnanna og mála piparkökur í leikskólanum.

6. 3 Foreldraráð

Foreldraráð er starfrækt við leikskólann en samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla, 2008/90 skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í foreldraráð. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar og ber leikskólastjóra að starfa með foreldraráðinu. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð gerir í samvinnu við leikskólastjóra starfsáætlun fyrir hvert ár í senn og áætlun um a.m.k. tvo sameiginlega fundi á skólaárinu. Á þeim fundum skal leikskólastjóri veita

upplýsingar varðandi starfsemi, skólahald, helstu breytingar og þróun leikskólastarfs á ári hverju.

6. 4 Foreldrafélag

Samkvæmt 10. gr. laga um leikskóla, 2008/90 skal leikskólastjóri skal stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólks leikskóla með velferð barna að markmiði. Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og merkja foreldrar við í dvalarsamningi hvort þeir vilja vera í félaginu eða ekki. Stjórn félagsins er kjörin á aðalfundi sem haldinn er að hausti ár hvert. Fulltrúar skulu vera tveir frá hverri deild og einnig situr í stjórn fulltrúi starfsmanna sem er tengiliður milli stjórnar og leikskólans. Foreldrafélagið stendur fyrir eða tekur þátt í árvissum viðburðum s.s. fyrirlestri, opnu húsi í tengslum við Dag leikskólans og leiksyningu á afmæli leikskólans.

7 Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna, til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri (Aðalnámskrá bls. 50).

Gott samstarf á milli skólastiga er mikilvægt til þess að flutningur barnanna úr leikskóla í grunnskóla verði farsæll. Hlíðarenda er í góðu samstarfi við Setbergsskóla og fara elstu börnin í þrjár heimsóknir þangað síðasta skólaárið sitt í leikskólanum. Fyrsta heimsókn er að hausti en þá er farið í skoðunarferð um skólann og á svipuðum tíma kemur 1. bekkur í heimsókn í leikskólann. Næsta heimsókn er á fyrri hluta vorannar og eru börnin þá í tveimur kennslustundum með nemendum fyrsta bekkjar. Síðasta heimsóknin er á seinni hluta vorannar en þá er börnunum boðið á skemmtun þar sem þau eru með skemmtiatriði hjá fyrsta bekk í sal skólans. Markmið þessara heimsókna er að auðvelda barninu breytingar er verða á námi þess og skólalífi þegar það fer úr leikskóla í grunnskóla.

Elstu nemendur Hlíðarenda kynnast einnig skólanum í gegnum reglulegar heimsóknir í bókasafn og íþróttasal Setbergsskóla sem standa yfir allan veturinn.

Hlíðarenda hefur einnig átt í góðu samstarfi við grunnskóla Hafnarfjarðar um móttöku unglunga í starfsnám og algengt að einn til tveir nemendur komi vikulega og hefur verið mikill sómi af þátttöku nemanna.

8 Sérfræðiþjónusta

Samkvæmt 21 gr. laga um leikskóla í reglugerð nr. 584/2010 kemur fram að sveitarfélög skulu reka sérfræðiþjónustu fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðiþjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla.

Sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla getur verið rekin sameiginlega með sérfræðiþjónustu grunnskóla. Þá geta sveitarfélög sameinast um slíkan rekstur eða gert þjónustusamninga við önnur sveitarfélög, stofnanir eða aðila sem veita þá þjónustu sem þörf er fyrir hverju sinni. Ráðherra setur reglugerð um sérfræðiþjónustu leikskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

8.1 Sérkennsla

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri sem hefur yfirumsjón með sérkennslu í leikskólanum. Í leikskólanum er starfrækt samráðsteymi sem skipað er leikskólastjóra, aðstoðarleikskólstjóra, sérkennslustjóra og deildarstjórum. Meginhlutverk samráðsteymis er að gæta hagsmuna barna í leikskólanum, vernda þau og styðja. Samráðsteymið tekur við öllum tilvísunum vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning eða aðstoð vegna líkamlegra, félagslegra og/eða sálrænna erfiðleika.

Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þurfa á sérkennslu að halda til þess að styðja við þá kennslu sem barnið á að fá. Í einstaklingsnámskrá eru skilgreind markmið og leiðir sem notaðar eru til þess að ná ákveðinni færni og endurmetið reglulega. Einstaklingsnámskrá er leiðarvísir sem allir þeir sem koma að vinnu með barninu nota sér til stuðnings. Sérkennsla er aðlöguð að dagskipulagi leikskólans, unnið er í litlum hópum þar sem öll börn fá að njóta sín. Einnig fer sérkennsla fram einstaklingslega þar sem þörf er fyrir hendi.

9 Mat og eftirlit

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinur á vegum sveitarfélagsins, mennta- og menningarmálaráðuneytis eða annarra aðila. Mat á skólastarfi er meðal annars ætlað að fylgjast með að ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa sé fylgt eftir. Í öðru lagi er markmiðið að auka gæði skólastarfsins og stuðla a umbótum, tryggja að réttindi barnanna séu virt og að börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Að lokum er tilgangur mats á skólastarfi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 26 -27, 54).

9. 1 Ytra mat á leikskólastarfi

Leikskólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati en ráðuneytið eða sveitarfélagið sér um ytra matið sem á að felast í úttektum á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Fræðsluráð hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum forvarnaráætlunum er við á hverju sinni. Ráðið ber ábyrgð á að skólastarfið sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með marvissum hætti. Reglulega eru lagðar fyrir foreldra viðhorfskannanir um líðan og menntun barnanna sem og könnun lögð fyrir starfsmenn þar sem þeir leggja mat á starfsaðstæður sínar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum. Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem skólastarfið hvílir á en í skólanámskrám útfærir skólinn nánar þau markið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá. Innra og ytra mat á skólastarfi á að ná til allra lögbundinna marmiða skólastarfsins, þ.m.t. hlutverk skóla að styrkja börn til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun þeirra, samskiptahæfni og fleiri atriði sem tengist meðal annars grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 28 og 55).

9. 2 Innra mat á leikskólastarfi

Í innra mati leikskóla skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá og að aðferðirnar taki mið af viðfangefnunum sem unnið er að hverju sinni. Innra matið á að byggjast á kerfisbundnum aðferðum sem birtast hér í þessari skólanámskrá (Aðalnámskrá leikskóla, 2011 bls. 27, 54 og 55) Í aðalnámskrá er lagt til að innra matið fléttist saman við daglegt starf og að það eigi að ná til allra þátta skólastarfsins, svo sem stjórnunar, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda. Þá er lögð áhersla að allt skólasamfélagið taki þátt í mati á skólastarfinu. Innra matið veitir upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna innra mats er gerð áætlun um

umbætur og skilgreindar leiðir að þeim. Leikskólinn birtir opinberlega upplýsingar um niðurtöður innra mats og áætlanir um umbætur (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

9. 2. 1 Mat á viðfangsefni barna í leik

Í leikskólanum hafa börnin tækifæri tvisvar á dag til að velja það sem þau vilja gera og er það skráð niður jafnóðum á þar til gert eyðublað. Þegar skoðað er hvað börnin velja helst kemur í ljós hvað þeim finnst skemmtilegast að gera og hvaða svæði þau velja síst og nýtist skráningin því sem matstæki.

9. 2. 2 Mat starfsmanna leikskólanna

Starfsmenn leikskólans svara Ecers kvarðanum sem er kvarði til að meta í heild umhverfi og uppeldisstarf leikskólans og starf leikskólakennara. Einnig er hægt að nota kvarðann til að meta einstaka þætti starfsins. Ecers kvarðinn gefur tölulegar upplýsingar sem eru vel til þess fallnar að fylgjast með breytingum milli ára og nýtist kvarðinn vel sem einn þáttur í innra mati leikskóla. Einnig fer fram formlegt og óformlegt mat á deildafundum, starfsmannafundum, skipulagsdögum, í samstarfshópum/umbótahópum og á fagfundum starfsfólks.

9. 2. 3 Mat foreldra

Á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar eru sendar út viðhorfskannanir til foreldra þar sem þeir svara spurningum um viðhorf til leikskólans, hvernig aðlögun gekk, líðan barna þeirra í leikskólanum, námsumhverfi og upplýsingaflæði.

Foreldraviðtöl eru einu sinni ári og þar gefst foreldrum gott tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og foreldrar eru einnig hvattir til að koma athugasemdum á framfæri ef þeim finnst eitthvað mega betur fara í leikskólastarfinu.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). *Sköpun – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Jóhanna Einarsdóttir. (2010). *Leikur og nám á mótum skólastiga*. Reykjavík: Rannung.

Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). *Jafnrétti Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Mannauðsstefna Hafnarfjarðar

<http://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/mannaudstefna.pdf>

Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir. (2013). *Heilbrigði og velferð – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun

Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). *Lýðræði og mannréttindi – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Skólafélag Hafnarfjarðar, 2009. sótt af <http://www.hafnarfjordur.is/media/skyrsluog-utgafa/SkolastefnaHf2009utgafa.pdf>

Sigrún Helgadóttir. (2013). Sjálfbærni – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Stefán Jökulsson. (2012). Læsi – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun